

10. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 3. júní 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Guðfinna D. Arnórsdóttir. Vignir Sveinsson boðaði forföll.

Ríkharður setti fund kl. 17:15.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.
 - a) X-ið.
Bingóið gekk mjög vel, 27 umferðir spilaðar. Þann 26. maí gisti félagsmiðstöðin frá Sandgerði í X-inu og fannst þeim aðstaðan góð. X-inu var lokað 16. maí.
 - b) Íþróttamiðstöð.
Rikki, Vignir og Sveinn fóru um bæinn og skoðuðu möguleika varðandi sparkvelli. 3 staðir verða í notkun, bletturinn bak við bankann, bak við Bensó og inni í Vík. Mörk verða svo færð milli þessara staða eftir þörfum.
2. Bréf frá Umf. Snæfelli.
Ríkharður las upp bréf frá stjórn Snæfells. Ýmsar umræður um þetta bréf. Samþykkt að halda sig við samþykktina frá 8. apríl, láta reyna á hana í sumar.
3. Hver er staða tóbaksölu til unglinga í Stykkishólmi.
Ýmsar umræður um stöðu þess hér í bæ. Samþykkt að senda bréf til söluaðila og minna á lögin.
4. 3 ára áætlun Stykkishólmsbæjar.
Bæjarstjóri er að vinna að henni núna. Forstöðumanni íþróttamannvirkja gert að skoða hvar hægt væri að skera niður.
Ýmsar umræður um þennan lið.
5. Önnur mál.
Samþykkt að næsti fundur verði 1. þriðjudag í september nema e-ð komi upp á sem þarf að ræða.

Fundi slitið kl. 18:00.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),
Alda Pálsdóttir (sign.).